

**Nd.**

**659. Frumvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sjerstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til

vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á sild, að jafnaði koma blutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa sild til vinslu í verksmiðjuna.

#### 4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar sildar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádragnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði sildarstöðvarinnar, og skal um það fje fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, en ef verður úr stofnun samvinnufjelags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð sildarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu sildar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

#### 5. gr.

Sildarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum, bæjarfjelögum, hreppsfjelögum og búnaðarfjelögum það af sildarmjöli, sem slik fjelög hafa pantað hjá sildarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og sildarbræðslan getur látið af höndum. Skulu fjelögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Fjelögin mega aðeins láta sildarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

#### 6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sinum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina.

#### 7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrir menn. Einn skipaður af atvinnu-málaráðherra, einn skipaður af stjórn sildareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

#### 8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minst tveir þriðju þeirra manna, sem láta sild til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sjer fjelag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög, er heimilt að selja því fjelagi verksmiðjuna, enda sje fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í fjelaginu. Skal samvinnufjelagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar fjelagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufjelagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.